



|   |   |                                   |
|---|---|-----------------------------------|
| <b>Dags. fundar:</b> 26. okt. 2009            | <b>Tími:</b> 19:30                                  | <b>Nr. fundar:</b> 10-2009        |
| <b>Fundarboðari:</b><br>Guðmundur Jóhannesson | <b>Fundarritari:</b><br>Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir | <b>Staður:</b><br>Tíbrá, Selfoss. |

**Efni fundar:**

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Frá síðasta fundi aðalstjórnar UMFS.
3. Fjármál
  - a.Fjárhagsstaða og staða innheimtu.
  - b.Innheimta æfingagjalda og gjaldskrá.
  - c.Styrkumsóknir og úthlutun úr verkefnasjóði HSK
4. a.Haustmót Fjöl nis 31. október – 1. nóvember 2009.
  - b.Þórðarmótið 14. nóvember 2009.
  - c.Innanfélagsmót 24. nóvember 2009.
  - d.Unglingamót HSK 5. desember 2009.
5. Búninga- og sundfatamál.
  - a. Sundföt frá Agonswim (pöntun)
  - b. „Áfram-Selfoss“ bolir
6. Verðlaunapallur.
7. Farsíma- og tækjasöfnun.
8. Svar íprótta- og tómstundafulltrúa Árborgar við erindi vegna skilta við Sundhöll.
9. Önnur mál.
10. Næsti fundur.

**Viðstaddir:** Guðmundur Jóhannesson, Guðbjörg Edda Árnadóttir, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir og Steinunn Aradóttir

**Boðuð forföll:** Bryndís Ólafsdóttir, Sigrún Sunna Skúladóttir.

---

**Dagskrá:**

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Guðmundur kynnt fundarmönnum það sem fram hafði farið á fundi aðalstjórnar UMFS sem haldinn var 7. október sl.
3.
  - a. Farið var yfir rekstrar- og tekjureikning eins og hann liggur fyrir núna og lítur út fyrir að staðan verði ásættanleg í lok ársins. Ingibjörg gerði grein fyrir að kökulottó það sem lauk 18. október skilaði deildinni 30.000 krónum og voru 10 kökur í boði í þetta skiptið. Var þessari söfnun skipt á iðkendur deildarinnar og stendur til að fara í annað kökulottó eftir áramótin en þá yrði það hinn hluti iðkendanna sem sæi um það.
  - b. Innheimta æfingagjalda fyrir tímabilið september-desember 2009 er að fara af stað. Sumir yngri iðkenda munu ekki synda né greiða fyrir desember.
  - c. Verkefnasjóður HSK úthlutaði sunddeildinni 18.000 krónur vegna smíði á verðlaunapalli og 7.000 krónur í áhalda- og tækjakaup.
4.
  - a. Bryndís þjálfari er að ljúka skráningum á haustmót Fjöl nis sem verður í Laugardalslauginni í Reykjavík um næstu helgi.
  - b. Árlegt Þórðarmót verður haldið í sundhöll Selfoss 14. nóvember n.k. Búið er að bjóða keppendum frá Dímon á Hvolsvelli að koma og taka þátt.

- c. Í upphafi sundársins var gert ráð fyrir innanfélagsmóti þann 24. nóvember sem lokamóti fyrir yngstu iðkendurna þar sem þau fara í jólafrí í desember byrjun.
- d. Unglingamót HSK verður haldið í sundhöll Selfoss laugardaginn 5. desember. Á því móti geta allir iðkendur keppt en 14 ára og yngri synda til stiga fyrir félögin sín.
5. a. Sérhönnuð sundföt frá Agonswim verða pöntuð á næstunni. Fötin eru í vínrauða lit Ungmennafélagsins merkt Selfossi. Vonast er til að fötin verði til afhendingar fyrir jól til þeirra sem búin eru að panta. Einnig verða keypt auka stykki af algengustu stærðunum.  
b. Búið er að hanna próförk af „Áfram-Selfoss“ bolum sem sunddeildin mun bjóða. Pöntunin verður staðfest á næstu dögum.
6. Verðlaunapallur er í smíðum og verður væntanlega tilbúinn fyrir fyrsta mótið, Þórðarmót 14. nóvember.
7. Deildin hefur fullan hug að taka að sér farsíma- og tækjasöfnun í samvinnu við Græna framtíð. Skoðað verður hvort ekki er hægt að bjóða fólki að koma með farsíma og tæki á einn stað.
8. Svar íprótta- og tómskundafulltrúa olli vonbrigðum innan stjórnarinnar og var hægt að túlka svarið þannig að hægri höndin vissi lítið sem ekkert um hvað sú vinstri gerir. Mun stjórnin senda lokasvar sitt til sveitarfélagsins.
9. Önnur mál:
  - Krakkar sem gengu í hús til að safna í kökulottóinu kvörtuðu undan því að fólk hefði ekki tekið þeim vel þar sem þau væru ómerkt deildinni. Til eru gallar sem bæði eru merktir deild og iðkanda en ekki viðrar alltaf til að krakkarnir geti verið í þeim eingöngu. Kannað verður með þann möguleika að láta útbúa barmmerki eða einhverja aðra merkingu sem yrði þá eingöngu notuð þegar um safnanir er að ræða.
  - Þar sem Steinunn Aradóttir er að ganga úr stjórn deildarinnar á næstu vikum og verður kannað með nýtt fólk í stjórnina. Þeir varamenn sem fengust til starfans á sl. ári eiga ekki lengur iðkendur í deildinni.
10. Næsti fundur var ákveðinn 23. nóvember 2009 kl. 19:30.

#### Verkefni ákveðin á fundinum:

| Verkefni  | Ábyrgur | Ljúkist fyrir  |
|---|---------|----------------|
| Athuga með innanfélagsmót 24. nóvember          | GJ      | Fljótlega      |
| Athuga með möguleika á afhendingarstað á tækjum | GJ      | Fljótlega      |
| Sendu svarbréf skv. lið 8.                      | GJ      | Strax          |
| Panta sundfötin                                 | GJ      | Í vikunni      |
| Staðfesta pöntun á „Áfram Selfoss“ bolum        | GJ      | Í vikunni      |
| Smíði verðlaunapallsins                         | IELS    | Klára f.14.11. |

**Fylgiskjöl:** Fjárhagsáætlun jan-sep 2009. Úthlutun HSK. Pöntun sundföt. Erindi frá Grænni framtíð. Svarbréf íprótta- og tómskundafulltrúa.

**Fundi slitið** kl: 21:15

**Næsti fundur:** 23. nóvember 2009 kl. 19.30.